



KVENNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Ársskýrsla 2022



Kolfinna Jóhannesdóttir, skólameistari
Kvennaskólinn í Reykjavík

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Almenn starfsemi	2
Kjarnastarfsemi	2
Skólafélag og ýmis verkefni	2
Starfsþróun	3
Erlent samstarf	4
Árangur af markmiðssetningu í stefnumiðaðri áætlun	4
Kjarnastarfsemi skólans - markmið	4
Rekstrarþættir – markmið	6
Tölulegar upplýsingar	6
Nemendatölur	6
Innritun nýnema 2022	7
Skipting nemenda á námsbrautir	7
Skipting nemenda á námsbrautir eftir kyni	7
Fjöldi brautskráðra stúdenta eftir brautum	7
Útskriftarhlutfall	7
Skólanefnd	8
Starfsfólk	8
Upplýsingar um starfsfólk, starfsheiti, fjölda og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2022	8
Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum	9
Yfirstjórn skólans	9
Skipurit	9
Kynjaskipting starfsfólks	9
Fjármál	10

Inngangur

Í fyrirbyggjandi ársskýrslu er fjallað um kjarnastarfsemi Kvennaskólans í Reykjavík, farið yfir helstu þætti í almennri starfsemi skólans árið 2022 og ýmsar tölulegar upplýsingar birtar auk ársreiknings. Einnig er farið yfir markmiðssetningu í stefnumiðaðri áætlun stofnunarinnar og stöðu árangursmælikvarða.

Almenn starfsemi

Kjarnastarfsemi

Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjaskóli og býður nám til stúdentsprófs á þremur námsbrautum; félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og hugvísindabraut. Þó hefur verið tekin sú ákvörðun að bjóða ekki upp á hugvísindabraut haustið 2023 vegna dræmrar aðsóknar síðustu ár.

Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi aðalnámskrá. Námsstími er sveigjanlegur 3-4 ár en stefna skólans er að flestir ljúki stúdentsprófi á þremur árum. Skólinn leggur áherslu á að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og læra að bera ábyrgð á námi sínu. Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og búa þá sem best undir frekara nám.

Lokamarkmið bóknámsbrauta skólans er stúdentspróf. Nemandi telst hafa lokið stúdentsprófi hafi hann lokið 200 einingum samkvæmt námsskipulagi viðkomandi brautar með tilskildum árangri, þ.e. lokaeinkunn hvers áfanga verður að vera 5 eða hærri og aðaleinkunn, vegið meðaltal allra lokaeinkunna, verður að vera 5,0 eða hærri. Þó er heimilt að ljúka tveimur áföngum með lokaeinkunninni 4 í lokaáfanga greinar. Hluti valáfanga hverrar brautar er 43 einingar.

Skólastarfið og ýmis verkefni

Í upphafi vorannar 2022 hafði Covid enn áhrif á skólastarf en grímuskylda var fyrstu vikurnar og töluverð veikindi nemenda og starfsfólks settu svip sinn á skólastarfið. Skóla- og félagslíf fór þó smám saman að verða blómlegt á ný. Nemendur skólans fóru til dæmis loks aftur í árlega leikhúsförð, peysufatadagur var haldinn hátíðlegur eftir þriggja ára hlé en því miður varð Fúría, leikfélag skólans, að hætta við uppsetningu á söngleiknum Ó, Ásthildur eftir þónokkurn undirbúning þar sem of áhættusamt var að setja verkið á svið í Covid-árferðinu sem enn var.

Árið 2022 var boðið upp á ýmsa fræðslu utan hefðbundins náms og má sem dæmi nefna jafnréttisdaga, Geðlestina, þátttöku í Forvarnardeginum og jafnréttisfræðsludag í Háskólabíói.

Í janúar var nýr stofnanasamningur við KÍ undirritaður. Þá önnina var líka hafist handa við að endurskoða skólasóknarreglur og á vinnudögum um vorið var unnið í hópum með niðurstöður úr Stofnun ársins og rýnt í námsbrautir skólans.

Í ágúst 2022 tók nýr skólameistari til starfa, Kolfinna Jóhannesdóttir. Sem dæmi um verkefni á haustönn má nefna að hafist var handa við gerð gæðahandbókar, en markiðið er að gefa smám saman út allar stefnur, áætlanir og verkferla skólans í gæðahandbók í SharePoint, vinnu við Græn skref ríkisstofnana og áfangarýni.



Skólahjúkrunarfræðingur á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins kom til starfa í 20% starf en um er að ræða tilraunaverkefni sem hefur gefist einstaklega vel og vonandi verður áframhald á. Stoðþjónustuteymið (júkrunarfræðingur, náms- og starfsráðgjafar og skólasálfræðingur) funda reglulega sín á milli og með stjórnendum. Til viðbótar við einstaklingsráðgjöf hafa náms- og starfsráðgjafar skólans boðið upp á hópráðgjöf í formi örnámskeiða.

Kvennaskólinn er einn af samstarfsskólum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um menntun framhaldsskólakennara. Samstarfsskólar sjá um vettvangsnám kennaranema sem er 10 ECTS einingar. Að venju var skólinn með kennaranema sem sóttu vikulega fundi, kynntust fjölbreyttum þáttum í starfsemi skólans, aðstoðuðu við kennslu og fengu æfingu í að kenna undir handleiðslu leiðsagnarkennara við skólann.

Starfsþróun

Tvisvar á ári sækir starfsfólk skólans svokallað húsping. Húsping vorannar var að þessu sinni skipulagt þannig að starfsfólk valdi þrjár málsstofur. Á húspingi haustannar var einn sameiginlegur fyrirlestur og síðan valdi starfsfólk tvær málsstofur. Hér má sjá dagskrá húspings á vor- og haustönn 2022:

Húsping vorannar 2022:

Hver starfsmaður velur sér eina málsstofu úr hverri lotu.

Málsstofur I: Kl. 12:30 – 13:10

<p>Uppbygging lokaverkefnisins og hlutverk efniskennara Umsjón: Sólveig, Elínborg og Lillía Osk Stofa M14</p> <p>Farið er í stórum dráttum í uppbyggingu lokaverkefnisins, fyrirkomulag, kennslu og námsmat íslenskukennara. Einnig er farið í hlutverk efniskennara og hans þátt í verkefninu. Meðal annars er komið inn á kröfur um gæði heimilda, námsmat og endurgjöf til nemenda svo fátt eitt sé nefnt.</p>	<p>https://teacher.desmos.com/ Umsjón: Þórunn Stofa M24</p> <p>Aðgengileg vefsíða þar sem hægt er að búa til fjölbreytt verkefni í stærðfræði. Vefsvæði sem aðrar greinar geta að sjálfsögu nýtt sér.</p>	<p>Turnitin 101 Umsjón: Elínrós og Sigrún Stofa M23</p> <p>Fyrirlögn verkefna, matsvarðar og yfirferð verkefna í Turnitin. Ef þú ert að byrja að nota Turnitin eða villt hressa uppá kunnáttuna þá er þetta málsstofa fyrir þig.</p>
--	---	--

Málsstofur II: Kl. 13:20 – 14:00

<p>Nýnemafræðsla Umsjón: Linda Björk Stofa</p> <p>Allir nemendur fara í NYNE1NY01 á haustönn á 1. ári. Linda fer yfir hvaða fræðslu nýnemarnir fá hjá okkur þegar þeir byrja í skólanum.</p>	<p>Sjálfbærnimenntun og grænánaverkefnið Umsjón:</p> <p>Kynning á grænánaverkefninu, sjálfbærnimenntun sem er einn af grunnþáttum menntunar og starfi umhverfisráðsins. Þátttakendur vinna svo saman að hugmyndum að verkefnum sem hægt er að láta nemendur vinna í tengslum við sjálfbærni.</p>	<p>Kennslubókin ekki góð – hvað er hægt að gera? Umsjón: Kári</p> <p>Kennslubók í ensku var bæði dýr og kennarar notuðu fáa kafla í bókinni. Þau vildu nota meira af "rauntexta", þ.e.a.s. texta á ensku sem skrifaðir eru fyrir fólk með ensku að móðurmáli (t.d. blaðagreinar). Kári segir okkur frá leiðinni sem þau fóru.</p>
---	--	---

Málsstofur III: Kl. 14:20 – 15:00

<p>Tækninýjungar – hvað viljum við nota áfram? Umsjón: Haraldur og Þórður</p> <p>Hvaða tækninýjungar fólk var að prófa sig áfram með í kóvid fjarkennslunni og hvað fólk vill nota áfram eftir heimsfaraldur? Þetta yrði þá vinnustofa þar sem mörg okkar kæmu með reynslusögur og dæmi. Semsagt ekki bara síta og horfa heldur meira fíka og prófa.</p>	<p>Skrifborðsiða Umsjón: Íris</p> <p>Íris kennir okkur einfaldar og góðar teygju og slökunaræfingar sem hægt er að gera við skrifborðið eða þar sem fleiri mæta saman.</p>	<p>Jafnrétti í kennslu Umsjón: Þórður</p> <p>Þátttakendur tækifæri til að líta í eigin barm/kennslu og ræða sín á milli jafnrétti í kennslu. Umræða sem mikilvægt er að fari reglulega fram.</p>
--	--	--

Húsping haustannar 2022:

Kl. 13:20 – 14:10 **Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir: „Einhverfa – skóli, umhverfi og samskipti“**

Farið er yfir eðli og birtingamyndir einhverfu, viðmót óeinhverfra í garð einhverfra og góð ráð gefin varðandi umhverfi og samskipti frá sjónarhóli einhverfra. Einhverfuvænu umhverfi og viðmóti má reyndar almennt lýsa sem fyrirmyndaraðstæðum fyrir alla, ekki bara fólkið á rófinu, þannig að algræða á því að huga að þörfum einhverfra í skólasamfélaginu

Kl. 14:10 – 14:30 **Kaffihlé**

Velja eina málstofu úr fyrri hluta og aðra úr seinni hluta

Málstofur I: 14:30-15:10

Að búa til kennsluefni á vef (M23) Sverrir Árnason Hvernig á að búa til kennsluefni á vef. Farið verður yfir ferli, uppbyggingu og hvernig gera á efni á vef sem aðgengilegast fyrir nemendur. Er fyrir allar námsgreinar en Sverrir segir frá gerð vefsins brennunjalssaga.is	Heilsa og lífstíll (M27) Ásta Skæringsdóttir Fjölbreyttar kennsluáðferðir og heildræn nálgun á hugtakinu heilsa. Markmiðið er að skapa jákvætt viðhorf nemenda til eigin heilsu og velliðan, ásamt því að nemendamiða námið eins og kostur er.	Umhverfismál í Kvinnó (M24) Nemendur í umhverfisráðinu. Nemendur í umhverfisráðinu segja frá starfi sínu og umhverfismenntaverkefnum Skólar á grænni grein/grænfánaverkefnið.
--	--	---

Málstofur II: 15:20-16:00

Hinseginfélagið Stoltið (M24) Nemendur í Stoltinu Kynningin fjallar um hvernig er að vera hinsegin á Íslandi og í skólakerfinu. Tilgangur kynningarinnar er að fá starfsfólk til að setja sig í spor hinsegin fólks og kynna leiðir til að auka velliðan og sýnileika hinsegin fólks í Kvinnó.	Flóttaherbergi í Forms (M23) Valgerður Stella Kristjánsdóttir Kynnir hvernig hægt er að búa til flóttaherbergi (Escape room) í Google Forms. Verður með sýnisverkefni.	Hver er ég, hvert stefni ég og hvernig kemst ég þangað? (M24) Sigríður María Tómasdóttir Hvernig skoðum við styrkleika, áhugasvið, áhrifaþætti, námsframboð og vinnumarkað með nemendum á þriðja ári? Hvernig verkfæri fá þau út í lífið?
--	--	---

Erlent samstarf

Kvinnaskólinn í Reykjavík er með Erasmus+ vottun. Tvö erlend samstarfsverkefni voru í gangi árið 2022. Annars vegar var um að ræða nemendaverkefni með skólum í Póllandi, Þýskalandi og Eistlandi þar sem sjónum var fyrst og fremst beint að loftslagsmálum. Hins vegar fór um haustið af stað nemendaverkefni með skólanum L'Institution Robin í Vienne í Frakklandi þar sem áhersla er á daglegt líf ungmenna, fjölmenningu, umhverfismál, jarðfræði, menningu og sögu. Nokkrir kennarar og annað starfsfólk víðs vegar að heimsótti skólann í starfsspeglun (e. job shadowing), þ.á.m. frá Danmörku, Tyrklandi og Svíþjóð.

Að auki má nefna að við skólann eru kenndir tveir borgaráfangar og fór hópur nemenda til Berlínar á vorönn og hópar til Berlínar og Parísar á haustönn ásamt kennurum sínum.

Árangur af markmiðssetningu í stefnumiðaðri áætlun

Í [stefnumiðaðri áætlun fyrir tímabilið 2022-2024](#) voru sett fram eftirfarandi þrjú markmið í kjarnastarfsemi skólans:

Kjarnastarfsemi skólans - markmið

1. **Auka ábyrgð nemenda á eigin námi.** Mælikvarðar voru a) skólasókn, b) námsframvinda og c) mat nemenda á eigin stöðu.

a) Skólasókn: Viðmið fyrir árið 2022 var að óútskýrð fjarvera úr kennslustundum væri undir 5%. Hér má sjá sundurliðun á skólasókn reiknaða út frá heildarfjölda kennslustunda:

	Vorönn 2022	Haustönn 2022
Raunmæting	85,5%	90,8%
Veikindi	9,5%	4,9%
Sóttkví	1,5%	0%
Leyfi	2,5%	2%

Á vorönn 2022 var mikið um tilkynnt veikindi og sóttkví en nemendur gátu fengið skráða mætingu í kennslustundir þegar verkefni voru unnin heima og skilað inn í lok kennslustunda.

- b) *Námsframvinda.* Mælikvarðar voru fjöldi þreyttra endurtökuprófa, niðurstöður úr kennslu- og áfangamati og virkni nemenda (Framhaldsskólapúlsinn). *Endurtökupróf.* Í janúar 2022 voru 91 þreytt endurtökupróf og í maí/júní 2022 voru 96 þreytt endurtökupróf. Viðmið samkvæmt áætlun voru 45 þreytt endurtökupróf á vorönn 2022.

- c) *Mat nemenda á eigin stöðu:*

Kennslu- og áfangamat. Á hverri önn er miðað við að 1/3 kennslugreina fari í kennslu-/áfangamat. Viðmið samkvæmt áætlun voru að 90% nemenda noti upplýsingar frá kennara til að vinna eftir (námsáætlun, ítarefni, fyriræli með verkefnum og prófspurningum) og 80% nemenda telji almennt góðan vinnufrið í kennslustundum. Sjá niðurstöður úr kennslu- og áfangamati hér:

	Vor 2022 Íslenska og raungreinar	Haust 2022 Erlend tungu- mál og stærð- fræði
Segjast nota upplýsingar og leiðbeiningar í Innu	90%	87%
Telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum	85%	76%

Framhaldsskólapúlsinn 2021-2022. Úrtakskönnun lögð fyrir 124 nemendur en alls tóku 96 nemendur þátt. Niðurstaðan árið 2022 var að nemendur mátu þátttöku sína í kennslustundum uppá 4,8 en við höfðum sett okkur það markmið að ná 5,4 í virkri þátttöku nemenda í tímum.

2. **Auka gæði náms og kennslu.** Mælikvarðar voru a) viðhorf til námsframboðs í kjarna og vali, b) þátttaka í kennslu- og áfangamati, c) skipulag og framkvæmd kennslu.

- a) *Viðhorf til námsframboðs í kjarna og vali.*

- Viðmið að 80% nemenda séu ánægð með námsframboð í kjarna og vali. Staðan vorið 2022: 80% nemenda ánægð með námsframboð í skyldunámi (kjarna) og 83% fannst framboð valáfanga gott.
- Viðmið að 75% nemenda líði vel í skólanum. Staðan vorið 2022: 89% nemenda líður vel í skólanum. Staðan haustið 2022: 86% nýnema líður vel í skólanum.
- Viðmið að 75% nemenda telji sig hluta af tilteknum hópi í skólanum. Staðan vorið 2022: 87% nemenda telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum. Staðan haustið 2022: 82% nýnema telur sig hluta af tilteknum hópi í skólanum.
- Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum 80% (viðmið). Staðan vorið 2022: 84% nemenda myndu mæla með námi við skólann, 77% nemenda telja mjög eða frekar líklegt að skólinn yrði valinn aftur og 96% útskrifaðra nemenda töldu líklegt

að þau myndu mæla með skólanum. Staðan haustið 2022: 88% nýnema ánægð með að hafa valið Kvennaskólann.

- Námsáhugi 5,0 í Framhaldsskólalápinum (viðmið). Staðan vorið 2022: Námsáhugi 4,8.

b) *Þátttaka í kennslu- og áfangamati.* Viðmið að ná 80% svarhlutfalli árið 2022. Staðan vorið 2022, 67,9% svarhlutfall og á haustönn 2022 var svarhlutfallið 77,6%.

c) *Skipulag og framkvæmd kennslu.* Viðmið að 60% nemenda telja skipulag og framkvæmd kennslu mjög eða frekar góða. Sjá niðurstöður úr kennslu- og áfangamat hér:

	Vor 2022 Íslenska og raungreinar	Haust 2022 Erlend tungumál og stærðfræði
Telja kennsluaðferðir fjölbreyttar	90%	87%
Segja vinnuálag í áföngunum miðað við einingafjölda hæfilegt	85%	76%

d) *Að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms.* Staðan vorið 2022: 95% útskrifaðra nemenda fóru í nám eftir stúdentspróf.

Rekstrarþættir – markmið

Varðandi rekstrarþætti voru sett fram eftirfarandi þrjú markmið:

1. Aukin starfsánægja: Starfsandi, vinnuskilyrði og ánægja og stolt. Mælikvarðar voru staðan í Stofnun ársins og niðurstöður úr starfsmannakönnun. Viðmið fyrir árið 2022 voru starfsandi 4,5, vinnuskilyrði 3,9 og ánægja og stolt 4,7. Niðurstöður voru: Starfsandi 4,56, vinnuskilyrði 3,85 og ánægja og stolt 4,77. Samkvæmt [matsáætlun skólans fyrir árið 2022-2025](#) verður starfsmannakönnun lögð fyrir vorið 2025.
2. Draga úr umhverfisáhrifum. Mælikvarðar eru notkun vistvænna samgöngumáta (fjöldi samgöngusamninga), viðmið fyrir árið 2022 voru að 15% starfsfólks væri með samgöngusamning. Á vorönn 2022 voru 19,7% starfsfólks með samgöngusamning og á haustönn gerði 36,6% starfsfólks samgöngusamninga.
3. Betri vinnuaðstæður. Markmið að endurnýja vinnuborð, skrifborðstóla og setja aukatölvuskjá á vinnustöðvar starfsfólks og fjölga funda- og viðtalsherbergjum. Búið er að setja upphækkanleg vinnuborð, aukatölvuskjái og nýja skrifborðsstóla hjá öllum sem vilja. Ekki hefur tekist að fjölga funda- og viðtalsherbergjum en sú vinna er í gangi í samvinnu við Framkvæmdasýslu ríkisins.

Tölulegar upplýsingar

Nemendatölur

320 nemendur í 10. bekk sóttu um skólavist í Kvennaskólanum sem fyrsta val og 377 sem val tvö.

Innritun nýnema 2022

Karlar	Konur	Kynsegin	Samtals
64	172	0	236 (þar af 6 kk og 3 kvk á efri ár)

Skipting nemenda á námsbrautir

Námsbraut	Vor 2022				Haust 2022			
	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur
Félagsvísindabraut	74	98	73	2	97	76	91	2
Hugvísindabraut	0	0	20	0	0	0	0	1
Náttúruvísindabraut	124	116	113	1	128	119	116	6
Nemendafjöldi samtals	621				636			

Skipting nemenda á námsbrautir eftir kyni

Námsbraut	Vor 2022			Haust 2022		
	Karl	Kona	Kynsegin	Karl	Kona	Kynsegin
Félagsvísindabraut	44	203	0	49	217	0
Hugvísindabraut	4	16	0	1	0	0
Náttúruvísindabraut	111	243	0	121	248	0

Fjöldi brautskráðra stúdenta eftir brautum

Námsbraut	Vor 2022	Haust 2022
Félagsvísindabraut	73	0
Hugvísindabraut	19	5
Náttúruvísindabraut	107	1
Alls	199	6

Útskriftarhlutfall

Eitt af meginmarkmiðum skólans er að sem flestir nemendur sem innritast nái að brautskrást og einnig að þeir nái að brautskrást sem stúdentar á þremur árum. Alltaf er þó gert ráð fyrir að hluti nemenda þurfi eða velji að vera lengur en þrjú ár að ljúka stúdentsprófi.

Í þriðja bekk vorið 2022 voru 206 nemendur, af þeim voru brautskráðir vorið 2022 197 (95,6%).

Haustið 2019 hófu 228 nemendur nám í 1. bekk og þegar tekið er mið af þeim 197 þriðju bekkungum sem útskrifuðust vorið 2022 má segja að hlutfall innritunarhóps sem útskrifast eftir 3 ár sé 86,4%.

Skólanefnd

Skólanefnd var skipuð 19. október 2021 og í nefndinni sitja:

- Stefán Hilmarsson, formaður
- Sýlvía B. Gústafsdóttir
- Sigyn Blöndal Kristinsdóttir
- Diljá Ámundadóttir Zoëga
- Sandra Hlíf Ocares
- Guðrún Erla Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúi starfsfólks á vorönn
- Þórdís Eyvör Valdimarsdóttir, áheyrnarfulltrúi starfsfólks á haustönn
- Hekla Dís Kristinsdóttir, áheyrnarfulltrúi nemenda á vorönn
- Ólöf Thelma Arnþórsdóttir, áheyrnarfulltrúi nemenda á haustönn
- Vigdís Jóhannsdóttir, áheyrnarfulltrúi foreldra á vorönn
- Birna Imsland, áheyrnarfulltrúi foreldra á haustönn.

Starfsfólk

Upplýsingar um starfsfólk, starfsheiti, fjölda og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2022

Starfsheiti	Karlur		Konur		Fjöldi samtals	Stöðugildi samtals
	Fjöldi	Stöðu-gildi	Fjöldi	Stöðu-gildi		
Aðstoðarskólameistari			1	1,00	1	1,00
Bókavörður			1	0,60	1	0,60
Fjármála- og skrifstofustjóri			1	1,00	1	1,00
Framhaldsskólakennari	15	12,00	35	32,50	50	44,50
Fulltrúi skrifstofu			1	1,00	1	1,00
Leiðbeinandi			2	1,70	2	1,70
Matreiðslumeistari	1	1,00			1	1,00
Námstjóri			1	1,00	1	1,00
Náms- og starfsráðgjafi			2	1,30	2	1,30
Sálfræðingur	1	0,40			1	0,40
Skjalastjóri			1	0,50	1	0,50
Skólameistari			1	1,00	1	1,00
Umsjónarmaður fasteigna	1	1,00			1	1,00
Þjónustuliði mötuneyti			2	1,70	2	1,70
Þjónustuliði ræstingu	2	1,50	3	2,30	5	3,80
Samtals	20	15,9	51	45,6	71	61,50


Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum

- Stjórnendur 4,0
- Kennarar og leiðbeinendur 46,2
- Aðrir starfsmenn 11,3

Yfirstjórn skólans

- Skólameistari – Kolfinna Jóhannesdóttir
- Aðstoðarskólameistari – Ásdís Arnalds
- Námstjóri – Björk Þorgeirsdóttir
- Fjármála- og skrifstofustjóri – Guðný Rún Sigurðardóttir

Skipurit



Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 52 eða 72,0%
- Karlar 20 eða 28,0%

Starfsaldur kennara er 17,7 ár að jafnaði, meðallífdur kennara er 48,3 ár.

Fjármál

Á árinu 2022 var ársveltan 1018,4 m.kr. og afkoma neikvæð um 23,8 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign neikvæð sem nemur 26,2 m.kr. í árslok en eignir samtals 83,7 milljónir. Útgjaldarammi ársins samkvæmt fjárlögum var 1.064,3 m.kr. en þar af voru sértekjur áætlaðar 63,2 m.kr. sem skólanum var ætlað að innheimta. Til greiðslu úr ríkissjóði voru 1001,1 m.kr. Þar af var gert ráð fyrir 26,1 m.kr. framlagi til fjárfestinga og var það allt notað á árinu. Um helmingur fjárfestingaframlags eða 42,2% framlagsins var notaður til að ljúka endurnýjun á húsbúnaði í matsal nemenda, 31% fór til endurnýjar á þráðlausu neti og tölvubúnaði. Það sem eftir stóð af framlaginu var nýtt til annarrar endurnýjunar á tækjum og búnaði.